

við Strandgötu, sem hófst á árinu 1975. Hefur því ekki verið upplýst, hvort álögd gatnagerðargjöld á fasteignir við Strandgötu á Eskifirði eru hærri, lægri eða jafnhá kostnaði við gatnagerðina.

Framanraktir annmarkar á grundvallarákvæðum reglugerðarinnar nr. 430, 1975, sem álagningarákvæðin hljóta að vera, sbr. einnig t. d. 2. mgr. 3. gr. laganna og 9. gr. reglugerðarinnar, skoðaðir í ljósi 40. og 77. gr. stjórnarskrárinnar eru svo alvarlegir að mati dómsins, að ekki verður hjá því komist að telja, að álagning B-gatnagerðargjaldsins, sem stefndi er krafinn um, skorti lagastoð.

Ber þess vegna að sýkna stefnda af kröfum stefnanda í málinu.

Eftir þessum úrslitum verður stefnandi dæmdur til þess að greiða stefnda málskostnað, sem ákveðst kr. 4.000.-.

Bogi Nilsson, bæjarfógeti kvað upp þennan dóm.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Ragnar Sigmundsson, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, bæjarsjóðs Eskifjarðar.

Stefnandi greiði stefnda kr. 4.000.- í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 10. apríl 1984.

Nr. 115/1982. **Ómar Sigtryggsson**

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

gegn

Guðmundi Jónssyni héraðsdómslögmanni

f.h. Walter Ott

(Hákon Arnason hrl.)

Skuldamál. Tékkar. Fjárnám.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson og Magnús Thoroddsen.

Áfrýjandi áfrýjaði málinu með stefnu 21. maí 1982. Hann krefst sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæsta-

rétti og að hið áfrýjaða fjárnám 10. maí 1982, sem gert var í bifreiðinni R 9454, verði úr gildi fellt.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og fjárnámsgerðar. Þá krefst stefndi málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Stefndi einskorðaði kröfugrundvöll sinn í héraði við 57. gr. laga nr. 94/1933, svo sem skilja verður málatilbúnað hans. Verður krafa hans eigi reist á öðrum lagagrundvelli hér fyrir dómi gegn andmælum áfrýjanda, sbr. 45. gr. laga nr. 75/1973.

Málsaðiljar eru á einu máli um, að málsókn þessi hlíti í hvívetna íslenskum lögum, og er á það fallist. Tékkar þeir, sem í málinu greinir, voru að fjárhæð 1.500.000 gkr. og 50.000 gkr. Stefndi afhenti þá Stuttgarter Volksbank, að því er ætla verður til innheimtu, þótt skýringar hans á því séu ófullnægjandi.

Eins og sönnunargögn og sönnunarbyrði horfa við í máli þessu, verður að telja útgáfu framangreindra tékka tengjast gagnert veitingum þeim, er áfrýjandi þá í veitingahúsi stefnda, Walter Ott, hinn 28. nóvember 1979. Reikning þann um veitingarnar, er stefndi hefur lagt fram í málinu, að fjárhæð 3.100 þýsk mörk, verður að leggja hér til grundvallar, og einnig, að hann sé ógoldinn, með því að tékkarnir hafa eigi fengist greiddir.

Stefndi hefur takmarkað málsókn sína við framangreinda fjárhæð, 3.100 þýsk mörk, er hann sækir áfrýjanda um, svo sem áður er greint, í skjóli 57. gr. laga nr. 94/1933. Ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda hana í íslensku fé, enda voru tékkarnir í íslenskum krónum. Pykir rétt, eins og málatilbúnaði er háttað, að miða við sölugengi þýskra marka í Reykjavík á útgáfudegi tékkanna hinn 29. nóvember 1979, og ber áfrýjanda að greiða stefnda þá fjárhæð með 11% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, en málinu er ekki gagnáfrýjað.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað á að vera óraskað.

Hin áfrýjaða fjárnámsgerð er staðfest til tryggingar framangreindum fjárhæðum.

Dæma ber áfrýjanda til að greiða stefnda 9.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Áfrýjandi, Ómar Sigtryggsson, greiði stefnda, Guðmundi Jónssyni héraðsdómslögmanni f.h. Walter Ott, 3.100 þýsk

mörk í íslenskum krónum eftir sölugengi þýskra marka í Reykjavík 29. nóvember 1979 ásamt 11% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað á að vera óraskað.

Hin áfrýjaða fjárnámsgerð er staðfest til tryggingar framan- greindum fjárhæðum.

Áfrýjandi greiði stefnda 9.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 15. mars 1982.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 9. þ.m., hefur Guðmundur Jónsson, héraðsdómslögmaður, Tjarnargötu 10 D, hér í borg, höfðað fyrir hönd Walter Ott, Leonhardsplatz 24, Stuttgart, Vestur-Þýskalandi, fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri 15. maí sl., á hendur Ómari Sigtryggssyni, Blesugróf 7 hér í borg, til greiðslu á skuld að fjárhæð DM 3.100.00 með 11% ársvöxtum frá 29. nóvember 1979 til greiðsludags svo og til greiðslu málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans.

Hinn 15. maí 1981 tilkynnti lögmaður stefnanda Samvinnubanka Íslands höfðun máls þessa og að stefnandi áskildi sér rétt til að beina kröfum sínum að bankanum, ef kröfur hans í máli þessu ná ekki fram að ganga. Krafa stefnanda er byggð á því, að stefndi hafi keypt veitingar fyrir DM 3.100.00 í veitingahúsi stefnanda í Stuttgart, en þar rekur stefnandi skemmtistaðinn Macabu og næturklúbbinn Four Roses. Til greiðslu á andvirði veitinganna hafi stefndi afhent tvær ávísanir, ritaðar á nafn stefnandans Walter Ott, útgefnar 29. nóvember 1979 á hlaupareikning stefnda við Samvinnubanka Íslands hér í borg. Hafi önnur ávísunin verið að fjárhæð gkr. 1.500.000, en hin gkr. 50.000. Er leitað hafi verið eftir greiðslu tékkanna, hafi þeir reynst innistæðulausir og því ekki fengist greiddir. Sökum vangeymslu greiðslubankans um sönnun greiðslufalls hafi tékkaréttur á hendur stefnda glatast, svo sem fram komi í dómi bæjarþings Reykjavíkur í málinu nr. 1442/1980, sem kveðinn var upp 31. október 1980. Því sé ljóst, að ef fjárheimta þessi falli nú niður, muni stefndi vinna andvirði veitinganna, DM 3.100.00 úr hendi stefnanda. Hafi stefndi ekki gert sennilegt, að hann hafi ekki þegið veitingarnar. Byggir stefnandi málsókn þessa á ákvæði 57. gr. tékkalaga.

Í bréfi stefnandans Walter Ott til lögmanns síns kemur fram, að honum hafi ekki verið kunnugt um gengi íslensks gjaldmiðils gagnvart þýskum og hafi hann talið fjárhæðir tékkanna nema 3.100 þýskum mörkum. Hann hafi síðar komist að raun um, að sú fjárhæð jafngildi kr. 702.894.00 á þeim tíma, er bréfið er ritað. Hafi hann ekki vitað, af hverju stefndi ritaði ávísanir fyrir hærri fjárhæðum en nauðsynlegt var. Hann geri aðeins kröfu til að stefnandi greiði DM 3.100.00, eða jafnvirði þeirra í íslenskum krónum. Sýknukrafa stefnda er byggð á því, að stefndi hafi ekki þegið veitingar þær, sem hann er krafinn um greiðslu fyrir í máli þessu. Krafa stefnanda verði ekki byggð á reikningi þeim, sem stefnandi hefur útbúið, enda hafi stefndi ekki kvittað þar fyrir móttöku veitinganna. Engin tengsl séu milli reikningsins og tékkanna. Málssókn þessi verði því ekki byggð á ákvæði 57. gr. tékkalaga.

Niðurstaða.

Reikningur sá sem stefnandi byggir kröfur sína á er svohljóðandi:

„4 Wodka Lemon	DM	88.-
8 Bier	DM	76.-
8 Wisky Chivas	DM	176.-
9 Flaschen franz. Campagner	DM	2.520.-
4 x Kaviar	DM	236.-
1 Zigarre	DM	1.-
1 x Zigarretten	DM	3.-
	DM	3.100,-“

Stefndi hefur komið fyrir dóminn. Hann hefur staðfest að hafa komið í umrætt veitingahús á þeim tíma, sem hér er um að ræða. Hafi hann greitt fyrir þær veitingar, sem hann hafi fengið. Hann hafi ekki „slegið um sig“ á veitingastaðnum. Reikning þann, sem stefnandi byggir kröfu sína á, hafi hann ekki séð fyrr. Stefndi hefur hins vegar ekki viljað skýra frá, af hvaða tilefni hann gaf tékkana út.

Við þessar aðstæður verður lögð á stefnda sönnunarbyrði um, að samskipti aðiljanna hafi ekki verið þau, sem stefnandi heldur fram. Að því hefur stefndi ekki fært sönnur.

Samkvæmt því og með hliðsjón af ákvæði 57. gr. tékkalaga verður byggt á málavaxtalýsingu stefnanda og kröfugerð hans, en verðlagningu veitinganna hefur ekki verið mótmælt sérstaklega. Verður stefnda því gert að greiða stefnanda DM 3.100.00 með vöxtum, sem ákveðast 11% ársvextir frá 29. nóvember 1979 til greiðsludags með hliðsjón af kröfugerð stefn-

anda. Þá verður stefnda gert að greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst kr. 4.500.00.

Guðmundur Jónsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Ómar Sigtryggsson, greiði stefnanda, Guðmundi Jónssyni héraðsdómslögmanni f. h. Walter Ott, DM 3.100.00 með 11% ársvöxtum frá 29. nóvember 1979 til greiðsludags og kr. 4.500.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagrði aðför að lögum.

Fjárnámsgerð fógetaréttar Reykjavíkur 10. maí 1982.

Ár 1982, mánudaginn 10. maí, er fógetaréttur Reykjavíkur settur að Æsufelli 2 og haldinn þar af fulltrúa yfirborgarfógeta Ólafi Sigurgeirssyni með undirrituðum vottum.

Fyrir er tekið: Málið A-904/1982: Walter Ott gegn Ómari Sigtryggssyni. Fógeti leggur fram nr. 1 gerðarbeiðni, nr. 2 dóm bæjarþings Reykjavíkur í málinu nr. 6106/1981 svohljóðandi:

Fyrir gerðarbeiðanda mætir Sigurður I. Halldórsson, hdl. v/ Guðm. Jónss. og krefst fjárnáms fyrir DM. 3.100.00 með 11% ársv. frá 29. nóv. 1979 til greiðsludags, kr. 125.00 í endurrits- og birtingarkostnað, kr. 4.500.00 í málskostnað samkv. gjaldskrá L.M.F.Í., kr. 285.00 fyrir gerðarbeiðni auk kostnaðar við gerðina og eftirfarandi uppboð, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Gerðarþoli býr hér og er ekki viðstaddur, en fyrir hann mætir Friður Guðnadóttir, sem býr hér. Áminnt um sannsögli kveðst hún ekki geta greitt. Samkv. kröfu umboðsmanna gerðarbeiðanda og ábendingu mættu gerir fógeti fjárnám í eign gerðarþola, bifreiðinni R-9454, sem er Scania 1966. Fallið var frá virðingu.

Fógeti skýrir þýðingu gerðarinnar og brýnir fyrir mættu að skýra gerðarþola frá gerðinni.

Upplesið, játað rétt bókað.

Gerðinni lokið.